

AUGLÝSING

um birtingu á tiltekinni ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar á sviði fjármálaþjónustu sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn.

Eftirtalin ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér að tiltekna reglugerðir á sviði fjármálaþjónustu eru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 þar sem samningurinn var upphaflega birtur:

1. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021, sjá fylgiskjal nr. 1 með auglýsingu þessari.

Sú ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem að framan greinir er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Birtingin er liður í undirbúningi þess að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fyrir Alþingi lagafrumvarp til innleiðingar á viðkomandi reglugerðum í íslenskan rétt, með þeim aðlögunum sem gerðar hafa verið við upptöku þeirra í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Sama ákvörðun verður jafnframt á síðara stigi birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 28. september 2022.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Guðmundur Kári Kárasón.

Fylgiskjal 1.**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 385/2021****frá 10. desember 2021****um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/463 frá 30. janúar 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar skrána yfir aðila sem njóta undanþágu ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðauka IX við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 31bc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012):
 - i) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32015 R 2365**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).“
 - ii) Í stað aðlögunartexta zd) kemur eftirfarandi:

„Í 3. mgr. 81. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

 - i) í h-lið orðast „Sambandið eins og um getur í 75. gr.“ sem „EFTA-ríkið þar sem hún hefur staðfestu sem veitir sameiginlegan aðgang að og hefur upplýsingaskipti um afleiðusamninga í vörslu afleiðuviðskiptaskráa“,
 - ii) í k-lið orðast „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina eins og um getur í 76. gr.“ sem „EFTA-ríkið þar sem hún hefur staðfestu sem veitir aðgang að upplýsingum um afleiðusamninga í vörslu afleiðuviðskiptaskráa sem eru með staðfestu í því EFTA-ríki“.
2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31bgca (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480):

„31bh. **32015 R 2365**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1), breytt með:

– **32019 R 0463**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/463 frá 30. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 80, 22.3.2019, bls. 16).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

 - a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin aðildarríki/n og lögbær yfirvöld þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð, til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni.
 - b) Tilvísanir í valdheimildir Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar á verðbréfamarkaði (ESMA) skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, ber að skilja sem tilvísanir í valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin, í málum sem kveðið er á um í, og í samræmi við, samning þennan.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 80, 22.3.2019, bls. 16.

- c) Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum, skulu ESMA og Eftirlitsstofnun EFTA, starfa saman, skiptast á upplýsingum og hafa samráð hvor við aðra að því er varðar þessa reglugerð, einkum áður en þær grípa til hvers konar aðgerða.
- d) Ákvarðanir, bráðabirgðaákvarðanir, tilkynningar, einfaldar beiðnir, afturkallanir ákvarðana og aðrar ráðstafanir sem Eftirlitsstofnun EFTA grípur til skv. 6. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr. og 10. gr. skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem ESMA hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.
- e) Skilja ber tilvísanir til aðila að seðlabankakerfi Evrópu þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni.
- f) Í 5. gr.:
- i) í 1. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða afleiðuviðskiptaskrá, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“,
 - ii) í 5. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða afleiðuviðskiptaskrá sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“,
 - iii) í 6. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
- g) Í 6. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
- h) Í 7. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
- i) Í 8. gr.:
- i) í 1. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“,
 - ii) eftirfarandi kemur í stað 2. mgr.:
„ESMA og Eftirlitsstofnun EFTA skulu tilkynna hvor annarri og framkvæmdastjórninni um allar ákvarðanir sem teknar eru skv. 1. mgr.“
- j) Í 9. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
- k) Í 10. gr.:
- i) í 1. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða afleiðuviðskiptaskrá sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“,
 - ii) í 2. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „ESMA“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“,
 - iii) í öðrum málslíð 3. mgr. er orðunum „eða að semja ekki drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA að því leyti, ef um er að ræða afleiðuviðskiptaskrá, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki,“ bætt við á eftir orðinu „hlutaðeigandi“.
- l) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 1. mgr. 11. gr.:
- „Eftirlitsstofnun EFTA skal, að því er varðar afleiðuviðskiptaskrár sem hafa staðfestu í EFTA-ríki, innheimta gjöld á sama grundvelli og gjöld sem eru innheimt af öðrum afleiðuviðskiptaskrárám í samræmi við þessa reglugerð og framseldu reglugerðirnar sem um getur í 2. mgr.
- Fjárhæðir þær sem Eftirlitsstofnun EFTA innheimtir í samræmi við þessa málsgrein skulu afhentar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni án ótilhlýðilegrar tafar.“
- m) Í 18. gr. er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „EIOPA“,
- n) Í 2. mgr. 21. gr. er orðunum „og fastanefnd EFTA-ríkjanna“ bætt við á eftir hugtakinu „ráðið“.
- o) Í 22. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:
- i) í 6. mgr. orðast „fyrir 13. janúar 2018“ sem „innan tveggja ára frá gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021“,
 - ii) í 7. mgr. orðast „13. júlí 2017“ sem „innan sex mánaða frá gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021“.
- p) Í þriðja málslíð 5. mgr. 26. gr. er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „einungis lögbærum yfirvöldum“.
- q) Í 33. gr. hljóðar önnur málsgrein svo, að því er varðar EFTA-ríkin:

„Þessi reglugerð skal koma til framkvæmda frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021, að undanskildum:

- a) 1. mgr. 4. gr. sem skal koma til framkvæmda:
- (i) sex mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 að því er varðar fjárhagslega mótaðila sem vísað er til í a- og b-lið 3. tl. 3. gr. og aðila í þriðju ríkjum sem vísað er til í i-lið 3. tl. 3. gr. sem myndu þurfa samþykki eða skráningu í samræmi við löggjöfina sem vísað er til í a- og b-lið 3. tl. 3. gr. ef þeir hefðu staðfestu á EES-svæðinu,
 - (ii) 12 mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 sem vísað er til í g- og h-liðum 3. tl. 3. gr. og aðila í þriðju ríkjum sem vísað er til í i-lið 3. tl. 3. gr. sem myndu þurfa samþykki eða skráningu í samræmi við löggjöfina sem vísað er til í g- og h-lið 3. tl. 3. gr. ef þeir hefðu staðfestu á EES-svæðinu,
 - (iii) 15 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 að því er varðar fjárhagslega mótaðila sem vísað er til í c- til f-lið 3. tl. 3. gr. og aðila í þriðju ríkjum sem myndu þurfa samþykki eða skráningu í samræmi við löggjöfina sem vísað er til í c- til f-lið 3. tl. 3. gr. ef þeir hefðu staðfestu í Sambandinu, og
 - (iv) 15 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 að því er varðar ófjárhagslega mótaðila,
- b) 13. gr. sem skal koma til framkvæmda frá og með einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021,
- c) 14. gr. sem skal koma til framkvæmda 18 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021 að því er varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem falla undir tilskipun 2009/65/EB eða tilskipun 2011/61/ESB sem eru stofnaðir fyrir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021,
- d) 15. gr. sem skal koma til framkvæmda sex mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021 ef við á, m.a. að því er varðar tryggingarráðstafanir sem eru til staðar á þeim degi.““

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2015/2365 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/463, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.